

Háttvirtu bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar
Haraldur Líndal Haraldsson
og bæjarfulltrúar Hafnarfjarðarbæjar.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala
héldu aðalfund þann 26.maí sl.

Á fundinn mættu formaður bæjarráðs og forseti bæjarstjórnar. Þær upplýstu um stöðu mála og þeirri viðleitni Hafnarfjarðarbæjar að leysa til sín byggingar St. Jósefsspítala. Þær voru spurðar hvort gögn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala sem lögð voru fram til Umboðsmanns Alþingis gætu nýst bæjaryfirvöldum í þeim viðræðum við ríkið. Þær bentu Hollvinasamtökunum á að snúa sér til bæjarstjóra varðandi þann þátt. Jafnframt var spurt hvort Hafnarfjarðarbær fari fram á bætur fyrir búnað sjúkrahússins. Vegna þeirra staðreynda að þegar Hafnarfjarðarbær og Ríkið kaupa sjúkrahúsið af St. Jósefssystrum árið 1987 þá kaupa Hafnfirðingar ásamt ríkinu sjúkrahús í fullum rekstri, með öllum þeim búnaði sem til þarf til að reka sjúkrahús. Þá voru bæjarfulltrúar spurðir hvort til væri listi yfir tækjabúnað, því m.a. var ýmis búnaður sjúkrahússins gefinn af líknarfélögum í Hafnarfirði. Beindu bæjarfulltrúar spurningunni áfram til stjórnarmanns í Hollvinasamtökum St. Jósefsspítala Árna Sverrissonar fyrrum framkvæmdastjóra St. Jósefsspítala, sem svaraði á þá leið að slíkur listi væri til og hefði hann fylgt með gögnum sem fóru til LSH þegar sjúkrahúsið var lagt niður.

Taka skal fram að skyldur bæjarfulltrúa er að gæta hagsmuna íbúa bæjarfélagsins og tryggja öryggi þeirra. Sjúkrahúsið var alla tíð öryggi sjúkra Hafnfirðinga, og þjónustaði umdæmissjúkrahúsið St. Jósefsspítali öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og heilsugæslur þeirra ásamt þeim sérgreinum sem sjúkrahúsið sinnti og þjónaði þar öllu landinu. Bæjarstjórar og þáverandi bæjarfulltrúar síðustu bæjarstjórnar virðast hafa samþykkt niðurskurð á St. Jósefsspítala með því skilyrði að áfram yrði starfrækt lyflækningadeild.

Því þá var áfram hægt að sinna öryggi bæjarbúa. Það kom því öllum á óvart þegar þáverandi ráðherra heilbrigðismála og LSH ákveða að loka sjúkrahúsinu þvert á gefin loforð. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar sendi frá sér samhljóða samþykkt þann 12.10.2011, þar sem lokun sjúkrahússins er mótmælt. Miðað við lestur allra þeirra gagna sem Hollvinasamtök St. Jósefsspítala hafa, má segja að bæjaryfirvöld hefðu þá átt að kæra heilbrigðisyfirvöld.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala hafa lagt fram öll gögn sem þau hafa komist yfir til umboðsmanns alþingis. Því kom fyrirspurn til bæjarfulltrúa hvort þessi gögn gætu nýst bæjaryfirvöldum til að eignast sjúkrahúsið. Þeirri spurningu var varpað til baka um að Hollvinasamtökin settu sig í samband við bæjarstjóra sem hefður með málið að gera. Þetta bréf er svar stjórnar við þeirri ósk.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala hafa alla tíð frá stofnun óskað eftir samstarfi við bæjaryfirvöld og viljað leggja sitt af mörkum til að koma aftur á heilbrigðisstarfsemi í St. Jósefsspítala. Innan raða stjórnar Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala er veruleg þekking sem getur nýst bæjaryfirvöldum. Því ítreka Hollvinasamtökin þessa ósk sína um samráð og þegar komi að nýtingu sjúkrahússins verði fulltrúar stjórnar hafðir með í samráðshópi þegar farið verður í að ræða endurgerð og nýtingu sjúkrahússins. Hollvinasamtök St. Jósefsspítala hafa lagt fram framtíðarhugmyndir sínar varðandi uppbyggingu heilbrigðisstarfsemi í St. Jósefsspítala og taka með því tillit til þarfa nærsamfélagsins. Stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala lýsa sig reiðubúin til að koma á fund með bæjarstjóra og bæjaryfirvöldum ef nánari upplýsinga er þörf.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala leggja hér með fram ályktun af aðalfundi samtakanna frá

26.5.2016, sem styðja bæjaryfirvöld í þeim kröfum Hafnarfjarðarbæjar fyrir hönd Hafnfirðinga gagnvart ríkinu um að Hafnfirðingar eignist sjúkrahúsið.

1. Hafnfirðingar eignist líka þann eignarhluta í sjúkrahúsinu sem hann á ekki í dag eða um 75%. Hafnfirðingar eiga 15%, og Hafnfirðingar um 30 þúsund íbúar eru hluti af 85% eignarhluta ríkisins.
2. Að metið verði að fullu eignarhluti Hafnfirðinga í búnaðareign sjúkrahússins. Búnaður sjúkrahússins var verðmæti að lámarki uppá fleiri hundruð milljónir. Allur innviður sjúkrahússins tækjabúnaður og annað er tilheyrði sjúkrahúsrekstri, meir að segja naglfastar eignir voru teknar af hendi meirihlutaeiganda (ríkinu) án samráðs við minnihlutaeigandann Hafnarfjarðarbæ.
3. Skemmdir á húsnæði og endurgerð húsnæðis til að koma því í notkunarhæft ástand til heilbrigðisþjónustu skal að fullu greitt af hálfu meirihlutaeiganda. Meirihlutaeigandi tók einhliða ákvörðun um lokun sjúkrahússins og ber því að fullu ábyrgð á ástandi húsnæðisins. Hafa skal í huga niðurstaða Minjastofnunar Íslands, sem telur allar byggingar sjúkrahússins hafa verndargildi út frá byggingarsögulegu sjónarmiði og því er hugsanlega meiri skaði vegna notkunarleysis vegna þess. (sjá bréf Minjaverndar Íslands sem svar til Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala).

„Ályktun aðalfundar er að heilbrigðisstarfsemi verði endurreist í St. Jósefsspítala. Þörfin fyrir sjúkrahúsið er meiri í dag en þegar sjúkrahúsinu var lokað. Hollvinasamtökin taka undir með bæjarstjórn að Hafnfirðingar eignist þann hluta sjúkrahússins sem Hafnfirðingar eiga ekki í dag. Meta þarf lagaleg eignaákvæði húsnæðisins og fyrrum búnaðar sjúkrahússins og þær skemmdir sem orðið hafa á sjúkrahúsinu við þá ákvörðun Heilbrigðisyfirvalda að loka sjúkrahúsinu þvert á gefin loforð.“

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Stjórnar Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala

Steinunn Guðnadóttir

s. 8964071/5650040

steinunn.g@simnet.is

Fylgigögn:

Fundargerð aðalfundar frá 26.5.2016,

skýrsla stjórnar,

Kvörtun til Umboðsmanns alþingis:

Forsíða, Kvörtun, Samantekt.